

## Úthlutunarreglur um styrki til félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands úr Starfsþróunarsjóði SLFÍ vegna náms/námskeiða sjúkraliða.

1. Styrkur vegna náms/námskeiða sjúkraliða er að hámarki kr. 100.000,- á tveggja ára tímabili.
2. Skila þarf frumritum af kvittunum fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum með umsókn.
3. Styrkur úr Starfsþróunarsjóði greiðist eftir að réttur er fullnýttur í Starfsmenntasjóði SLFÍ.
4. Sjúkraliðar geta fengið styrk vegna ferðakostnaðar að hámarki kr. 45.000 og er sá styrkur hluti af hámarksréttindum. **(sbr. 1. gr.)**
5. Sjúkraliðar sem sækja sérnám sjúkraliða í hjúkrun og atvinnurekandi greiða ekki að fullu skólagjöldin fyrir, á rétt á að sækja um styrk til Starfsþróunarsjóðs SLFÍ fyrir því sem á vantar að gjaldið hafi verið greitt að fullu.
6. Styrkir Starfsþróunarsjóðs SLFÍ eru til viðbótar kr. 60.000,- úr Starfsmenntasjóði.
7. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni hvort og hvernig meta skuli eldri sjóðsaðild til að brúa rof á aðild. Rof á aðild getur þó aldrei verið lengri en 4 mánuðir.
8. Reglur þessar gilda frá 1. nóvember 2007, með síðari breytingum 26. maí 2010, 6. september 2010 og 17. janúar 2011